

# Fréttabréf foreldraráðs FG



FRÓÐLEIKSMOLAR - FRÉTTIR - HUGLEIÐINGAR

1. tölublað, 1. árgangur

20. október 2011

## Fræðslufundur og aukaaðalfundur Foreldraráðs fimmtudag 3. nóvember kl. 17.15



**Fimmtudaginn 3. nóvember boðar Foreldraráð FG til aukaaðalfundar kl. 17:15-18:30. Á fundinum verður jafnframt boðið upp á fyrirlestur um heilsueflandi framhaldsskóla í samstarfi við skólann.**

Nú er tímabært að foreldraráðið samþykki formlega starfsreglur sínar. Á aukaaðalfundinum verða lögð fyrir drög að reglum foreldrafélags FG til samþykktar og eru reglurnar kynntar aftast í þessu fréttabréfi.

FG tekur um þessar mundir þátt í spennandi verkefni í samstarfi við Lýðheilsustöð sem felst í því að efla forvarnir og heilsueflandi aðgerðir í starfi skólans. Á fundinum verður verkefnið kynnt.

*Dagskrá fundarins:*

Ávarp skólameistara

Lagabreytingar

Önnur mál

Núverandi stjórn foreldraráðs skipa:

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, formaður

Margrét Sigurðardóttir, varaformaður

Sigríður Einarsdóttir, ritari  
Delia Howser, meðstjórnandi

Við óskum eftir að bæta fólki í hópinn þannig að nú er tækifæri fyrir

áhugasama foreldra að hafa samband. Meðstjórnendur taka þátt í fundum stjórnar sem eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar milli kl. 17-18. Hér gefst tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið og einnig að fá betri innsýn í daglegt starf skólans.

Foreldraráð FG leggur áherslu á náð samstarf við stjórnendur skólans og kemur fulltrúi skóla inn á flesta fundi ráðsins. Þá skipar foreldraráð fulltrúa foreldra í skólanefnd FG skv. framhaldsskólalögum. Að ósk skólastjórnenda situr fulltrúi foreldra í stýrihópi vegna verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli og hefur Margrét Sigurðardóttir tekið það að sér.

*Góðar kveðjur frá stjórn!*

Áhugaverðir tenglar

[Heimasíða FG](#)

[Nemendafélag FG](#)

[Skemmtanir FG](#)

[Um foreldraráð](#)

[Lög um framhaldsskóla](#)

## Könnun á viðhorfum foreldra vorið 2011

Í mars 2011 var send rafræn könnun til foreldra og forráðamanna nemenda við FG. Þar var spurt um viðhorf til forvarna, mótuneytis, starfsemi foreldrafélags, og foreldrum gafst kostur að senda inn athugasemdir og hugmyndir. Svörin var mjög góð og við þökkum öllum kærlega sem tóku þátt.

Niðurstöður í heild eru að finna á [heimasíðu](#) FG en hér eru nokkrir punktar:

64% foreldra hafa kynnt sér forvarnarstefnu skólans

37% nemenda er keyrður í skólann

Björkvöld miðuð að framhaldsskólanemum eru

skipulögð í gróðaskyni og þar er ólöggráða fólki selt áfengi. Um 30% foreldra segjast stundum fá vitneskju um björkvöld; 10% segja "oft", en þó svara 40% foreldra að þeir fái aldrei vitneskju um slíkt.

Foreldrar eru hvattir að tilkynna lögreglu ef þeir fá vitneskju um slíkt.

Hvað skiptir foreldra við FG máli?

AD UNGMENNUM LÍDI VEL Í SKÓLANUM SÍNUM

KENNARAR LEGGI METNAÐ Í SKÓLASTARF

FJÖLBREYTNÍ OG VAL Í SKÓLASTARFINU

NÁMIÐ SÉ GÓÐUR UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLA

SKÓLASÓKNARREGLUR SÉU SKÝRAR OG SANNGJARNAR

UPPLÝSINGAFLÆÐI FRÁ SKÓLA SÉ GOTT

FÉLAGSSTARF SÉ ÖFLUGT



Ábyrgðarmaður fréttabréfs: Kolbrún Þ. Pálsdóttir kolbrunp@hi.is

FRÓÐLEIKSMOLAR - FRÉTTIR - HUGLEIÐINGAR

## Drög að starfsreglum foreldrafélags FG— lagt fyrir á aukaáðalfundi 3. nóvember 2011

### 1. grein. Heiti og félagar

Félagið heitir Foreldraráð Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Félagar eru allir forráðamenn nemenda skólans.

### 2. grein. Markmið

Markmið foreldrafélagsins eru að:

- standa vörð um réttindi nemenda til mennta og styðja við starf skólans.
- efla samstarf meðal forráðamanna sem og samstarf við starfsfólk skólans.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.

### 3. grein. Starfsemi

Foreldrafélagið stendur fyrir umræðu- og fræðslufundum í samstarfi við skólann. Félagið stuðlar að upplýsingamiðlun til foreldra, m.a. með útgáfu fréttabréfs. Fundargerðir stjórnar og annað tengt efni er sett á heimasíðu ráðsins á vef FG.

Jafnframt tekur foreldraráðið þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og félagasamtök.

### 4. grein. Skipan stjórnar

Stjórn ráðsins skipa sex til sjö forráðamenn. Stjórn skal kjörin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og 2-3 meðstjórnendum. Óæskilegt er að fleiri en fjórir gangi úr stjórn í einu.

### 5. grein. Fulltrúi foreldra í skólanefnd

Stjórnin tilnefnir úr sínum hópi fulltrúa foreldra í skólanefnd og varamann hans. Fulltrúi í skólanefnd skal sjá um að miðla upplýsingum um störf skólanefndar til foreldraráðs.

### 6. grein. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda að hausti eigi síðar en 1. nóvember. Stjórnin boðar til fundarins með minnst viku fyrirvara. Í fundarboði skal kynna efni fundarins. Aðalfundur er löglegur ef rétt er staðið að fundarboði. Verkefni aðalfundar eru:

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Skýrsla stjórnar

Skýrslur nefnda

Lagabreytingar

Reikningar lagðir fram til samþykktar

Kosning stjórnar

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Önnur mál

### 7. grein–Nefndir

Stjórn foreldraráðsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

### 8. grein – Samskipti

Stjórn skal ekki sinna ágreiningsmálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

### 9. grein –Gjaldtaka

Stjórn foreldraráðsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

### 10. grein –Lok á starfsemi

Ákvörðun um slit foreldraráðsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundum og renna þá eignir þess, ef eru, til skólans.

### 11. grein – Lagabreytingar

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.